

STARFSSKYRSLA ÁGÜSTS ÁRNASONAR

HJÁ SKÓGRÆKT RÍKISINS

HVAMMI

ÁRID 1968

Frá áramótum og fram til 8. maí starfaði ég á skrifstofu Skógræktar ríkisins í Reykjavík.

Ég var í Skorradal og stjórnaði framkvæmdum Skógræktarinnar þar frá 8. maí til 20. október, en eftir það var ég í Reykjavík. Úr Reykjavík fór ég öðru hvoru í Skorradal til eftirlits og ýmissa erinda, t. d. að hoggva jólatré.

#### 1. Veðurfar.

Veturinn var venju fremur frostharður. Samkvæmt hámarks-  
mæli, sem var í Hvammi hefur frost orðið mest  $22.5^{\circ}$  C en  
hitinn komist mest í  $12.0^{\circ}$  C á vetrinum.

Ís leysti af Skorradalsvatni um 12. apríl og þá voru  
síðustu fannir á láglandi að hlána. Eftir páska kólnaði aftur  
og frost komst í  $10^{\circ}$  C. Um 17. maí fór aðeins að hlýna í veðri

þó var fremur svalt og þurrt fram til 25. maí, en þá vetti og fór fyrst að sjást grænn litur á lerkinu í Skorradal.

Lerkið var oroið laufgað 30. maí. Mjög svalt var í veðri framan af júní. Birkiskógurinn laufgaðist 11. - 13. júní og þá hlýnaði heldur í veðri, en þó ekki verulega fyr en 2. júlí. Fyrrihluti júlí var mjög hlýr og sprettutíð mjög góð allan mánuðinn. Það sama má segja um ágúst mánuð, en aðfaranótt 18. ágúst kom fyrsta naturfrostið svo nokkuð sá á kartoflugrasi í Skorradal.

September var með eindæmum hlýr fram til hins 29. , en þá fór að frjósa og skógurinn að fella lauf. Kalt var í veðri frameftir október.

## 2. Vöxtur og þrif trjágróurs.

Trjágróður kom allur fremur vel undan vetri, þó veturinn væri frostharður á koflum. Nokkuð bar á því að toppbrum á sitkagreni spryngju ekki út, þó engar skemmdir séjust á þeim. Vöxtur á sitkagreni var nærri meoallagi. Rauogreni skilaði minni ársvexti en undanfarin ár og var venju fremur gulleitt frameftir sumri. Lerki óx ágatlega í fyrsta sinn síðan 1963 og virðist nú vera að ná sér eftir áföllin, sem það fékk 1963 og 1964. Árssprotar á skógarfuru voru litlir og hún var all lúsug að vanda. Stafafura og bergfura uxu vel og voru fallegar eftir sumarið. Vaxtarmælingar voru ekki gerðar í sumar svo þessi lýsing á vexti er byggð á lauslegu mati.

Birkimaðurkur og lús voru heldur meira áberandi heldur en í fyrra en þó ekki til verulegs skaða.

## 3. Starfsfólk.

Á meðan vorannir stóðu voru 8 starfsmenn í Hvammi en yfir allt sumarið störfuðu 4 karlmenn og ráðskona. Laun voru greidd til 15 einstaklinga. Launagreiðslur námu samtals kr. 351.112.66

Launagreiðslur mánaðarlega voru sem hér segir:

Mai	kr.	22.830.98
Júní	-	113.223.26
Júlí	-	88.326.88
Agúst	-	84.770.97
Sept.	-	<u>41.860.77</u>
Samtals	kr.	<u>351.112.66</u>

Launagreiðslur vegna einstakra framkvæmda í Skorradal 1968

Húsið í Hvammi .....	kr.	153.089.23
Gróðursetning Hvammi .....	-	90.662.52
Grisjun Hvammi .....	-	31.092.89
Viðhald girðinga Hvammi .....	-	10.004.02
Lúpína Hvammi .....	-	6.055.10
Viðhald fasteigna Hvammi .....	-	2.525.84
Áburður Hvammi .....	-	477.20
Gróðursetning Stálpastöðum ...	-	7.053.42
Áburður Stálpastöðum .....	-	18.533.30
Grisja frá plöntum Stálpast. ..	-	16.800.71
Lúpína Stálpastöðum .....	-	1.460.32
Viðhald girðinga Stálpastöðum .	-	1.495.94
Landbúnaðarsýningin .....	-	7.623.88
Viðhald verkfæra .....	-	1.164.85
Vagninn .....	-	880.20
Viðhald vega .....	-	752.29
Gróðursetning Selskógi .....	-	<u>1.440.95</u>

Samtals kr. 351.112.66

#### 4. Giróingar.

Engar framkvæmdir voru við nýjar giróingar, en unnið var við viðhald eins og á undanförunum árum. Giróingar voru með minna móti skemmdar eftir veturinn og yfirborð Skorradalsvatns var herra í sumar en á undanförunum árum svo kostnaður við viðhald var heldur minni en árið áður.

#### 5. Gróðursetningar.

Alaskalúpína var gróðursett á nokkru stóru svæði í Hvammshlíðinni. Plönturnar voru teknar úr lúpínubreiðum, sem eru heim undir bæ í Hvammi. Dálítið var einnig gróðursett af lúpínu á Stálpastöðum.

Gróðursettar voru í Skorradal samtals 66.760 trjáplöntur þar af 4.970 plöntur á Stálpastöðum, 60.790 plöntur í Hvammi og 1.000 plöntur í Selskógi.

Mest var gróðursett af rauðgreni, sem allt kom úr gróorastöðinni á Vöglum, samtals 48.110 plöntur. Eftirtaldar tegundir komu frá Tumastöðum: sitkagreni 5.945, bergfura 2.950, stafafura 9.255 og birki 500 plöntur.

## Tafla yfir gróðursetningar 1968

## Stálpastaðir:

Tegund	Kvæmi	Aldur	Tala	Reitur	Plantað dag
Sitkagreni	Seward	3/5	2.720	2.11.1	24-25/6.
Sitkagreni	Homer	3/3	2.250	232	24-25/6.

---

 4.970

## Hvammur:

Rauðgreni	Namskogen	3/4	10.000	613	5 - 11/6.
Rauðgreni	Namskogen	3/4	14.930	431	11 - 19/6.
Rauðgreni	Namskogen	3/3	17.180	221	28/6 - 4/7.
Rauðgreni	V. Grane	3/4	5.000	725	25 - 28/6.
Sitkagreni	Seward	4/3	975	623	21 - 22/6.
Bergfura	Mt. L.	3/0	2.550	611	21 - 22/6.
Bergfura	Mt. L.	3/0	400	614	24/6.
Stafafura	Skagway	3/0	9.255	624	19 - 21/6.
Birki	Bajarstað	2/0	500	131	11/6.

---

 60.790

## Selskógur:

Rauðgreni	Namskogen	3/3	1.000		4/7.
-----------	-----------	-----	-------	--	------

## 6. Hircing.

Grisjao var í Hvammi fyrir gróoursetningu nokkuð stórt svæði inn af reit 724 og lokið við að grisja á milli línanna inn hlífðina. Einnig var grisjao fyrir ofan efri línuna þarna upp af. Þarna er kjarrið ekki nærri samfelld og svæðið er ómælt svo ekki er hægt að gefa upp raunverulegt flatarmál grisjunarinnar.

Á Stálpastoðum var grisjao frá barrplöntum í eftirtöldum reitum: 272, 271, 263, 381, 175, 174, 173, 171, 182, 181, 141, 132, 131, 126 og 225. Alls um 10 ha.

Keyptir voru 17 pokar af áburði af eftirtöldum tegundum: Kjarni 12 pokar, þrífosfat 3 pokar, kalí 1 poki og trollamjöl 1 poki.

Áburði var dreift á þessa reiti: 181, 182, 141, 132, 131, 126, og 225. Samtals tæpir 5 ha.

## 7. Vegagerð.

Engar framkvæmdir voru við vegagerð nema smávegis viðhald.

## 8. Byggingar.

Haldið var áfram farmkvæmdum við viðbyggingu íbúðarhúsins í Hvammi. Byggingin var máluð að utan, gluggar flestir glerjaðir með tvöfoldu gleri og gengið frá útihurð. Settur var upp nýr olíukyntur miðstoðvarketill og lokið við hita og vatnslögn í húsinu. Gengið var frá rafloð að mestu leiti.

Lokið var við alla múrningu og málað allt inni nema stofan. Einangrað í öll loft og lokið loftklæðningu nema í stofu. Dúkur settur á öll gólf nema stofu og bað. Kostnaður við bygginguna í ár var samtals kr. ~~225.915.50~~ <sup>343.389.67</sup>

Litlu var kostað til viðhalds á gömlu húsunum nema nokkrar hurðir voru lagfærðar og endurnýjaðar.

#### 9. Vélar og verkfari.

Vagn, sem hægt er að nota hvort heldur við dráttarvél eða jeppa, var fenginn í Hvamm. Hann var að mestu smíaður á Tuma-stöðum og reyndist með ágætum og var til mikils hæðarauka. Af starri verkferum bættist ekkert annað við í ár en keypt var lítil borvél auk nokkurra smáverkfara til viðhalds og endurnýjunar.

#### 10. Ýmislegt.

Mikið var af bláberjum í skógræktargirðingunum í Skorradal í sumar og vegna hlýinda í september voru þau óskemmd til septemberloka. Marga fýsir að skoða skógræktina á Stálpastöðum, en þó viðast fullþroskuð bláber hafa mest aðráttar- afl. Ásókn fólks í ber hefur aldrei verið eins mikil og á síðastliðnu sumri. Þar sem berjatínsla ferðafólks er óheimil verður að hafa eftirlit með þessu en það reynist erfitt og er vaxandi vandamál.

Margir merkir og góðir gestir heimsóttu Skógræktina í Skorradal í sumar. Minnisstaðastir eru mér þeir Helgi H. Austman búnaðarmálastjóri í Manitoba og Halldór Pálsson búnaðarmálastjóri og hrifning þeirra af vexti rauðgrensisins á Stálpastöðum.



Teknar voru 80 hnausplöntur í byrjun ágúst á Stálpastöðum og fluttar til Reykjavíkur á Landbúnaðarsýninguna. Plönturnar voru af eftirtöldum tegundum: rauðgreni, sitkagreni og stafafura. Stærð plantnanna var frá 1.25 - 2.30 m.

Fyrir jólin voru seld 90 jólatré frá Stálpastöðum til Kaupfélags Borgfirðinga fyrir samtals kr. 13.580.- og 40 kg. af furugreinum fyrir kr. 2.000.- Von er til að þessi tekjuliður stór aukist á næstu árum.

Reykjavík í febrúar 1969

*Hjálst Árnason*